

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1974, er saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sparisjóðs- og hlaupareikningsinnstæður, ásamt verðbréfaeign hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Nr. 428.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1974.

(Bráðafúadeild).

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

I. Iðgjöld:			
Iðgjöld ársins	kr.	50 552 209.00
II. Tjón:			
Tjón ársins	kr.	21 195 903.00
		Iðgjöld ÷ Tjón	kr. 29 356 306.00
III. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur	kr.	3 787 795.40
Vaxtagjöld	—	229 085.20
			kr. 3 558 710.20
			Kr. 32 915 016.20
IV. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður:			
Þátttaka í launum og launat. gjöld Samábyrgðar	kr.	3 217 936.00
Önnur þátttaka í rekstrarkostnaði Samábyrgðar	—	1 475 442.00
Annar rekstrarkostnaður	—	428 625.51
Kirkjugarðsgjald	—	8 018.00
Aðstöðugjald	—	348 600.00
			kr. 5 478 621.51
			Kr. 27 436 394.69
V. Afskriftir:			
Afskrifaðar skuldir	kr.	465 442.47
Afskrifað af rakaeyðingartækjum	—	23 255.28
			kr. 488 697.75
		Hagnaður af reglulegri starfsemi	kr. 26 947 696.94
VI. Til ráðstöfunar:			
Óráðstafað frá fyrra ári	kr.	45 864 837.39
Hagnaður ársins	—	26 947 696.94
			Kr. 72 812 534.33

VII. Ráðstöfun:

Lagt í áhættusjóð	kr.	2 695 000.00
Óráðstafað til næsta árs	—	70 117 534.33
		<hr/>
	Kr.	72 812 534.33

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1974.

Eignir:

I. Veltufjármunir:

1. Bankainnstæður:

Innstæður á hlr. Landsb. Ísl. Múlaútibú	kr.	1 323 262.40
Innstæða á hlr. Verslunarb. Ísl.	—	216 058.00
Innstæða á sparisjóðsbók	—	38 489 448.00
		<hr/>
	Kr.	40 028 768.40

2. Skammtímakröfur:

Ógr. iðgjöld o. fl.	kr.	55 384 834.73
Innlendir umboðsmenn	—	1 771 965.00
Samábyrgð Íslands	—	8 502 012.00
Aðrir innlendir skuldunautar	—	2 395 399.00
Víxlaeignir	—	2 626 094.60
Aðrar skammtímakröfur	—	131 748.00
		<hr/>
	Kr.	70 812 053.33

Veltufjármunir samtals kr. 110 840 821.73

II. Fastafjármunir:

1. Varanlegir rekstrarfjármunir:

Skrifstofuáhöld	kr.	110 580.30
Fyrning til 31.12. 1974	—	99 580.30
		<hr/>
	kr.	11 000.00
Rakaeyðingartæki	kr.	480 832.17
Fyrning til 31.12. 1974	—	432 832.17
		<hr/>
	—	48 000.00
Eign í MB. Vonarstjarnan GK. 75 ..	kr.	32 000.00
Birgðir fúavarnarefnis	—	32 623.00
		<hr/>
	—	64 623.00
		<hr/>
	Kr.	123 623.00

2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Innlend verðbréf	kr.	1 134 510.50
Fastafjármunir samtals	—	1 258 133.50

Eignir samtals kr. 112 098 955.23

Skuldir og eigið fé:

I. Skammtímaskuldir:

Sjávarútvegsráðuneytið	kr.	18 154 276.00
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	4 489 379.00
		<hr/>

Skammtímaskuldir samtals kr. 22 643 655.60

II. Tryggingasjóður:			
1. Bótasjóður	kr.	19 360 567.00
Greitt upp í óuppgerð tjón	—	2 717 801.70
			<hr/>
		kr.	16 642 765.30
III. Áhættusjóður	kr.	2 695 000.00
IV. Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé	kr.	70 117 534.33
			<hr/>
		Skuldir og eigið fé samtals	kr. 112 098 955.23

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Jón Árnason. Birgir Finnsson. Jón Sigurðsson.
 Ágúst Flygenring. Andrés Finnbogason.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31.12. 1974 er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Nr. 429.

15. september 1975.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Keflavík.

1. gr.

Hundahald er bannað í Keflavík, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötludu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.